

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bjarkalundi, A-Barðastrandarsýslu.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum hefur sveitarstjórn Reykhólahrepps þann 12. júní 2003 samþykkt deiliskipulag í Bjarkalundi í Reykhólahreppi.

Deiliskipulagssvæðið nær yfir 58,88 ha og varðar hótél Bjarkalund, sem fyrirhugað er að stækka, 9 frístundalóðir, 3 smáhýsi og tjaldsvæði. Innan svæðisins er einnig land sem liggur að Berufjarðarvatni sem áætlað er að verði síðar skipulagt sem golfvöllur.

Greinargerð og uppdráttur hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Búðardal, 2. september 2003.

Byggingar- og skipulagsfulltrúi Austur-Barðastrandarsýslu,

Bogi Kristinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 322/2003, um takmörkun á fjölda nemenda í tilteknum námsgreinum við Háskóla Íslands háskólaárið 2003-2004.

1. gr.

Í stað tölunnar „48“ í 1. mgr. 1. gr. reglnanna, sem varðar fjöldatakmörkun í læknisfræði, kemur: 50.

Þriðja málsgrein 1. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Um val nemenda til náms við læknadeild fer eftir reglum nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkraþjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, ásamt síðari breytingum sbr. reglur nr. 134/2002 og 503/2002. Læknadeild er þó heimilt að víkja frá lágmarkseinkunninni 5,0 við inntöku nemenda í sjúkraþjálfunarskor sem og að ráðstafa allt að fjórum námssætum til viðbótar þeim 20 sem kveðið er á um 2. mgr. hér að framan, þannig að heildarfjöldi nemenda á 1. námsári verði allt að 24.

2. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett með vísan til niðurstöðu áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema frá 29. júlí 2003 og að fenginni tillögu læknadeildar sbr. heimild í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 4. september 2003.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.